

## LÖG

um breyting á lögum nr. 38 24. apríl 1973, um fangelsi og vinnuhæli.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknað í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, vinnur af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrir en 2 árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Um dráttarvexti fer skv. 3. málsg. 8. gr. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr.

Við 2. málsg. 8. gr. laganna bætist:

Vari refsivist lengur en þrjú mánuði skal óheimilt að innheimta opinber gjöld hjá fanga meðan afplánun stendur yfir, svo og tvöfaldan þann tíma eftir að henni lýkur, allt að einu ári. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Nánari reglur um þetta má setja með reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. mars 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 21/1975 og 1. gr. laga nr. 98/1980) orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparissjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknaðfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka,